

Fundur fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Fosshótel Húsavík 28. júní 2018 kl. 13:15. Fundurinn er fyrsti fundur fulltrúaráðsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar (13 af 15);

- frá Þingeyjarsveit; Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir og Jóna Björg Hlöðversdóttir
- frá Skútustaðahreppi; Helgi Héðinsson (vantar annan fulltrúa)
- frá Norðurþingi; Helena Eydís Ingólfssdóttir, Örlygur Hnefill Örlygsson, Óli Halldórsson, Benóný Valur Jakobsson, Hjálmar Bogi Hafliðason og Guðbjartur Ellert Jónsson
- frá Tjörneshreppi; Katý Bjarnadóttir
- frá Svalbarðshreppi; Sigríður Jóhannesdóttir
- frá Langanesbyggð; Þorsteinn Ægir Egilsson (vantar annan fulltrúa)

Fundinn sátu einnig eftirtaldir framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna; Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings og Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri Skútustaðahrepps. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Þingeyinga bs. sem ritaði fundargerð.

## Þetta gerðist:

### 1. Fundarsetning og kjör í trúnaðarstöður

Í samræmi við 4. gr. stofnsamnings HNP bs. setti Örlygur Hnefill Örlygsson forseti sveitarstjórnar Norðurþings fundinn og stjórnaði kjöri formanns, varaformanns og ritara. Tillaga barst um Arnór Benónýsson sem formann, Helenu Eydísi Ingólfssdóttur sem varaformann og Helga Héðinsson sem ritara. Ekki bárust fleiri tillögur og voru þau því sjálfkjörin.

### 2. Skýrsla framkvæmdastjórnar

Í forföllum formanns framkvæmdastjórnar gerði framkvæmdastjóri grein fyrir því helsta sem hefði verið á borði framkvæmdastjórnarinnar frá haustfundi fulltrúaráðsins 8. nóv. 2017, en að öðru leiti er vísað til fundargerða framkvæmdastjórnarinnar.

- Samkvæmt umboði fulltrúaráðsins gekk framkvæmdastjórnin frá tillögu að samþykktum fyrir Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ses.
- Fjallað var um undirbúning sveitarfélaganna og stofnana þeirra vegna gildistöku nýrra persónuverndarlaga.
- Ársreikningar 2017 voru afgreiddir og undirritaðir á fundi 11. maí sl.
- Tilnefnt var í stjórn þekkingarnets Þingeyinga til tveggja ára skv. stofnskrá stofnunarinnar.
- Fjallað var um framsent erindi frá stjórn og samgöngunefnd SSA vegna þátttöku Þingeyinga í skoðun á forsendum veglagningar norðan Vatnajökuls, en erindinu er vísað til efnislegrar afgreiðslu fulltrúaráðsins.

### 3. Ársreikningar 2017

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ársreikningum sem sendir höfðu verið út með fundarboði. Þeir eru endurskoðaðir af PWC án athugasemda og voru samþykktir og áritaðir af framkvæmdastjórn 11. maí sl.

Í umræðum um skýrslu framkvæmdastjórnar og ársreikninga kom fram að sveitarfélögin hafa átt samtal, m.a. um sameiginlegan persónuverndarfulltrúa en ljóst er að um tímabundið átak er að ræða við innleiðingu en síðan tiltölulega lítið starfshlutfall. Spurt var um lífeyrisskuldbindingu í ársreikningi en um er að ræða annars vegar reiknaðar framtíðarskuldbindingar en hins vegar uppgjörsgreiðslu til Brúar – lífeyrissjóðs vegna samkomulags aðila vinnumarkaðarins, ríkisins og sveitarfélaganna um jöfnun lífeyrisréttinda á vinnumarkaði.

Að umræðum loknum voru ársreikningarnir staðfestir.

#### 4. Skipun stjórna fyrir stofnanir og verkefni

Fyrir liggur að skipa í sameiginlega barnaverndarnefnd annars vegar og náttúruverndarnefnd hins vegar.

Eftirtaldir eru tilnefndir í barnaverndarnefnd:

	Aðalmenn	Varamenn
Norðurþing	Hallgrímur Jónsson	Sveinn Aðalsteinsson
	Helga Jónsdóttir	Róbert Ragnar Skarphéðinsson
	Hilmar Valur Gunnarsson	Birna Ásgeirsdóttir
Skútustaðahreppur		Nína Sæmundsdóttir
Þingeyjarsveit		
Tjörneshreppur	Katý Bjarnadóttir	
Svalbarðshreppur	Guðrún Hildur Bjarnadóttir	
Langanesbyggð		Sólrún Arney Siggeirsdóttir

Tillaga er um að Hallgrímur Jónsson verði formaður og Helga Jónsdóttir varaformaður.

Tillaga er um að eftirtaldir verði skipaðir í náttúruverndarnefnd:

Aðalmenn	Varamenn
Þorkell Lindberg Þórarinsson	Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir
Daníel Hansen	Gréta Bergrún Jóhannesdóttir
Arna Hjörleifsdóttir	Guðmundur Smári Gunnarsson

Tillaga er um að Þorkell Lindberg Þórarinsson verði formaður og Arna Hjörleifsdóttir varaformaður.

Fyrirliggjandi tilnefningar og tillögur samþykktar samhljóða.

#### 5. Kosning sérstakra starfsnefnda

Ekki liggur fyrir nein tillaga um kosningu starfsnefnda en fundarstjóri leggur til að formanni, varaformanni og ritara fulltrúaráðsins verði falið að vinna erindi SSA vegna vegalagningar norðan Vatnajökuls frekar og leggja fyrir haustfund fulltrúaráðsins.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Önnur mál

- Óli Halldórsson lýsti stuðningi við það að erindi SSA yrði unnið frekar áður en efnisleg afstaða yrði tekin til þess. Þá gerði hann grein fyrir atriðum í málefnasamningi meirihluta sveitarstjórnar Norðurþings, m.a. um þéttara og meira samstarf sveitarfélaganna á vettvangi HNP bs. s.s. um brunavarnir og skipulagsmál. Taldi að tvennt ætti fyrst og fremst að ráða för um samstarfsverkefni, annars vegar þörfin fyrir „fjarlægð“ þegar það á við til að tryggja hlutlæga málsmeðferð og hins vegar beint fjárhagslegt eða faglegt hagræði af samstarfi.
- Arnór Benónýsson fór yfir þær breytingar sem eru að verða á samstarfsumhverfinu, bæði hinu landfræðilega með tilkomu Vaðlaheiðarganga sem gjörbreyta munu öllu samstarfsmöguleikum. Þær mun síðan haldast í hendur við breytingar sem þegar eru hafnar og felast m.a. í því að fjárstreymi til sveitarfélaganna og ýmissa verkefna þeirra mun í auknum mæli renna í gegnum landshlutasamtökin. Þá hefur aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar beint þeim tilmælum til stjórnar að taka upp viðræður við Eyþing um samrekstur. Það er því nauðsynlegt að taka heildstæða umræðu um samstarfsverkefni sveitarfélaganna og marka stefnu um það hver þeirra verði rekin á hvaða vettvangi.
- Samþykkt samhljóða að boðað verði til aukafundar fulltrúaráðsins miðvikudaginn 12. september nk. til að ræða þessi mál og samstarfsverkefni sveitarfélaganna almennt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:23